

Fjármála- og efnahagsráðuneytið  
Bjarni Benediktsson ráðherra  
Arnarhvoli við Lindargötu  
101 Reykjavík

Reykjavík, 28. október 2021

## **Efni: Framlenging stuðningsúrræða fyrir fyrirtæki vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar**

Félag atvinnurekenda (FA) beinir því til ráðuneytisins að skoða rækilega samhliða gerð fjárlaga þörf á framlengingu ýmissa þeirra stuðningsaðgerða við fyrirtæki sem gripið hefur verið til vegna kórónuveirufaraldursins.

Þótt atvinnulífið hafi náð sér vel á strik með afléttingu samkomutakmarkana og minnkandi hömlum á landamærunum sýnir þróun faraldursins, jafnt hér á landi og á heimsvísu, að óvissa um framhaldið er áfram mikil. Sums staðar í nágretta- og markaðslöndum Íslands hafa samkomutakmarkanir verið hertar á ný og áfram má búast við truflunum á ferðalögum. Markaðir ýmissa fyrirtækja, jafnt í þjónustu- og vöruútflutningi, eru því áfram í óvissu. Fjölgun smita innanlands þýðir auknar líkur á að einangrun og sóttkví hafi áhrif á starfsemi fyrirtækja, jafnvel þótt bólusetningarhlutfall sé orðið hátt.

Ýmis stuðningsúrræði stjórnvalda hafa reynzt fyrirtækjum, sem lent hafa í erfiðleikum vegna heimsfaraldursins, vel og hjálpað þeim að halda sér á floti þar til viðspyrna finnst á nýjan leik. Nú eru hins vegar aðeins nokkrar vikur í að ýmis þessara stuðningsúrræða renni sitt skeið. Sem dæmi má nefna eftirfarandi:

- Lagaákvæði um stuðning við fyrirtæki vegna launagreiðslna til starfsmanna í sóttkví taka til launagreiðslna sem inntar eru af hendi til og með 31. desember 2021.
- Reglugerðarákvæði um átakið Hefjum störf, þar sem fyrirtæki geta ráðið starfsfólk með styrk frá Vinnumálastofnun, falla úr gildi um áramót.
- Viðspyrnustyrkir gilda út nóvember næstkomandi, þ.e. í rúman mánuð til viðbótar.
- Frestun gjalddaga staðgreiðslu launa og staðgreiðslu tryggingagjalds gildir eingöngu út árið.

Að mati FA er nauðsynlegt að skoða heildstætt þau úrræði sem hafa reynzt vel til aðstoðar fyrirtækjum og horfast í augu við að óvissan um þróun faraldursins og nauðsynlegra sóttvarnaaðgerða er áfram mikil. Þótt almennt talað sé bjartara framundan er líklegt að fyrirtæki lendi áfram í tímabundnum vandræðum vegna faraldursins. Því er að mati FA nauðsynlegt að gera ráðstafanir til lengri tíma til að geta með sveigjanlegum hætti brugðizt við áhrifum faraldursins hverju sinni.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen  
framkvæmdastjóri FA